

# STJÓRNARTÍÐINDI B 71 — 1988

---

13. desember 1988

1311

Nr. 534

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnu-  
rekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

1. gr.

Við 1. tl. 1. gr. bætist nýr tl. er verður 22. tl. og orðist svo:

22. Móttökustöðvar, þar sem fram fer flokkun, böggun og önnur meðhöndlun á úrgangi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

13. desember 1988

Nr. 535

## AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir sorpeyðingarstöð Suðurnesja.**

### **1. Almenn ákvæði.**

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í sorpeyðingarstöð Suðurnesja.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### **2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.**

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.